
F U N D A R G E R Ð

Fundur:	Raforkuhópur 2012-02
Fundartími:	Miðvikudagur 29. febrúar 2011 kl. 15:30
Fundarstaður:	Orkustofnun, Grensásvegi 9
Fundarefni:	1) Fundargerð síðasta fundar. 2) Raforkunotkun ársins 2011 og fréttatilkynning. 3) Notkunarflokkar raforku 2011. 4) Aflþörf raforkukerfisins 2011. 5) Birting gagna frá einstökum fyrirtækjum. 6) Tími funda raforkuhóps. 7) Landsaðgerðaáætlun NREAP. 8) Önnur mál.

Á fundinn mættu:

Raforkuhópurinn:	Erla Björk Þorgeirsdóttir Rúnar Svavar Svavarsson Sigurður Ágústsson Ásgeir Sigtryggsson Pétur E. Þórðarson
EFLA:	Jón Vilhjálmsson Ingvar Baldursson
Fjarverandi:	Baldur Dýrfjörð Íris Baldursdóttir

- 1) Engar athugasemdir við fundargerð síðasta fundar.
- 2) JV sagði að fréttatilkynning hefði verið send út eftir síðast fund. Hann sagðist bara hafa séð vísað í hana á mbl.is. Rætt var um hvort breyta þyrfti framsetning á fréttatilkynningu til að hún fái meiri athygli.
- 3) IB fór yfir tölur um raforkunotkun ársins 2011 og sýndi nokkrar myndir um þróun notkunar. Notkunarflokkarnir liggja nú fyrir og dreifitöpu eru meiri en árið á undan sérstaklega hjá Rarik sem liggur m.a. í eðli uppgjörsins þegar notkunin er að vaxa. Í iðnaði benti hann á að aukning væri mest í Fiskiðnaði og Fiskimjölsmiðjum. Í þjónustu er aukningin mest í Opinberri þjónustu og handiðnum og spurning er hvort ekki þyrfti að reyna að greina þann flokk í sundur þar sem hann er orðinn ansi stór. Í

landbúnaði er aukningin í Garðyrkju og ylrækt. Einnig benti hann á þó nokkra minnkun í notkun smásöluverslana. Viðaukar 1-3 eru tilbúnir fyrir skýrsluna um endurreikning raforkuspár.

- 4) IB sagðist vera að vinna í úrvinnslu aflgagna og sýndi gögn um vinnslu raforku, innmötun og úttekt frá Landsneti og flutningstöp..
- 5) Frestað var að ræða um birtingu gagna til næsta fundar þar sem Íris var ekki á fundinum.
- 6) Frestað var að ræða um fundartíma þar sem Íris var ekki á fundinum en hún hafði beðið um þá umræðu.
- 7) JV sagðist hafa verið á fundi í iðnaðarráðuneytinu fyrr í dag með Guðna orkumálastjóra og fleirum. Þar var samþykkt að orkuspárnefnd kæmi að vinnu við Landsaðgerðaáætlun á svipaðan hátt og rætt var á síðasta fundi hópsins. Miðað er við að kostnaður skiptist jafnt á hópana þrjá undir orkuspárnefnd svo hlutur raforkuhóps yrði 120 tímar. Guðni talaði um að þeir mundu skiptast eins og annar kostnaður raforkuhóps niður á Orkustofnun og Landsnet. JV mun ræða þessa skiptingu við Írisi.
- 8) ÁS sagði að notkun stóriðju gæti orðið minni árið 2012 en á síðasta ári. Becromal er komið í um 65% af fullum afköstum og líklega mun Ísal þurfa að minnka framleiðsluna áður en farið verður að keyra upp aukninguna sem þeir eru að vinna að. PEP sagði að mikill áhugi væri hjá fiskimjölsverksmiðjum á að rafvæða verksmiðjurnar að fullu eins og gert hefur verið á Vopnafirði. Landsnet væri að skoða að hleypa fleiri verksmiðjum inn á skerðanlegan flutning sem mundi líklega leiða af sér meiri skerðingu en hingað til. RSS sagði að verksmiðjan á Akranesi hefði áhuga. Hornafjörður og Fáskrúðsfjörður voru einnig nefndir en á Neskaupstað og Eskifirði eru vissar framkvæmdir komnar af stað sem munu kalla á aukna raforkunotkun.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl 16:50. Næsti fundur ákveðinn fimmtudaginn 12.apríl 2012.

Jón Vilhjálmsson

Dreift var fyrir fundinn:

Dreift var á fundinum:

Sýnt var en ekki dreift:

- Nokkrar myndir um raforkunotkun 2011.

Verkefni:

Umsjón	Verkefni
JV	Ræað við Írisi um skiptingu kostnaðar vegna Landsaðgerðaráætlunar